

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 12. október 2023

Alþingi
Atvinnuveganefnd
v.t. Þórarinn Ingi Pétursson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur, þingskjal 43 – 43. mál, 154. löggjafarþing.

Bændasamtökin leggja til að eftirfarandi texti verði felldur út úr þingsályktunartillögunni:

„og draga úr kjötframleiðslu og annarri framleiðslu dýraafurða“.

Samtökin geta ekki tekið undir slík markmið enda ganga þau til að mynda bæði gegn markmiðum þjóðaröryggisstefnu varðandi fæðuöryggi sem og ákvæðum búvörulaga nr. 99/1993 en þar segir m.a. í 1. gr. laganna að *framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.*

Varðandi skógrækt og uppgræðslu lands þá vilja Bændasamtökin benda á að þar er um að ræða verkefni sem bændur hafa átt frumkvæði að síðustu áratugi. Verkefnið Bændur græða landið hófst formlega árið 1990 og skógrækt í umtalsverðum mæli á sér enn lengri sögu eða hið minnsta aftur til 1970. Ljóst er að jákvæðir hvatar til slíkra verkefna munu ávallt skila margföldum árangri.

Að framansögðu styðja samtökin efni þingsályktunartillögu þessarar um skipan starfshóps. Afar mikilvægt er að aflað verði áreiðanlegra upplýsinga um stöðu losunar frá landi og raunar fleiri þátta svo sem annarrar losunar í landbúnaði sem og kolefnisbindingar. Varðandi nýtingu lands þá liggja líklega helstu gögn um þann málaflokk í verkefninu Grólinn sem að stórum hluta er fjármagnað af sauðfjárþændum en Landgræðslan framkvæmir. Því miður skortir samt sem áður enn verulega á að landið hafi verið kortlagt með fullnægjandi hætti en með nútíma tækni ætti að vera fremur einfalt mál að ljúka slíkri vinnu, fáist til þess fjármunir.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur